

1. fundur hafnarnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar föstudaginn 12. september 2014 og hófst kl.11:00.

Mættir eru: Halldór Stefánsson, Jónas Jóhannsson, Guðmundur Jóhannsson og Elías Pétursson auk Svölu Sævarsdóttur sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð og svo var ekki. Þá var gengið til dagskrár.

1. Kosning varaformanns.

Guðmundur Jóhannsson kosinn varaformaður, samþykkt samhljóða.

2. Fundartími og fundarboðun hafnarnefndar.

Samþykkt að boða fundi með tölvupósti framvegis a.m.k. 4 sinnum á ári.

3. Lóðamál.

Rafn Jónsson var fenginn á fundinn og kynnti hann málið. Farið var yfir gögn frá umhverfis og skipulagsnefnd. Formaður lagði til að fresta málinu og halda annan fund mjög fljótlega. Halldór og Guðmundur samþykkja það en Jónas ekki. Málinu þar með frestað.

4. Innsiglingarljós á Bakkafirði.

Sveitarstjóra falið að framkvæma.

5. Girðingar í höfninni.

Sveitarstjóra falið að kanna möguleika og skila áætlun á næsta fundi.

6. Viðhald á skúr á höfninni á Bakkafirði.

Sveitarstjóra falið að skoða.

7. Önnur mál.

Farið var yfir ýmis smávægileg framkvæmdamál.

Fundargerð lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.12.50